

**FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR**

Þriðjudaginn 2. september 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 16<sup>00</sup> á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Gígja H. Óskarsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

**1. Grunnskólinn:***a) Kennslutímafjöldi:*

Fyrir fundinum lá tillaga að kennslutímafjölda skólaárið 2003-2004. Málið var áður til umfjöllunar á fundi 4. júní sl. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að kennslutímafjöldi í skólanum verði 398 kest. Þar með taldar eru 50 stundir vegna sérkennslu, 6 kest. vegna valgreina og 6 kest. vegna skiptitíma. Auk þess er gerð tillaga um hlutastörf við bókasafn, sérkennslu, tölvuumsjón og stuðningsfulltrúa.

Mikil umræða varð um skólasterfið almennt en tillaga um kennslutímafjölda var síðan samþykkt samhljóða.

*b) Bréf deildarstjóra sérkennslu:*

Meðfylgjandi tillögu um kennslutímafjölda var bréf deildarstjóra sérkennslu um tímafjölda og skilgreiningu á sérkennsluþörf. Bréfið var til kynningar.

*c) Úttekt á sjálfsmatsaðferðum Höfðaskóla vorið 2003.*

Fyrir fundinum lá bréf Menntamálaráðuneytisins dags. 12. júní 2003 þar sem kynnt er samantekt um sjálfsmatsaðferðir Höfðaskóla. Úttektin sem unnin var Delotte & Touche var unnin á tímabilinu janúar til apríl 2003. Í greinargerð með úttektinni kom fram að kerfisbundið sjálfsmat hafði farið farið fram á öllum helstu þáttum skólasterfsins og sjálfsmatsaðferðir og framkvæmd matsins reyndust fullnægjandi. Málið var til kynningar.

*d) Fundargerð skólanefndar 12. maí 2003.*

Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um um annan dagskrárlið sem fjallaði um kennslutímafjölda og afstaða var tekin til skv. a) lið þessa fundar.

*e) Fundargerð skólanefndar, 31. maí 2003.*

Fundargerðin var samþykkt.

*f) Fundargerð skólanefndar, 26. júní 2003.*

Fundargerðin var samþykkt.

*g) Fundargerð skólanefndar, 20. ágúst 2003.*

Fundargerðin var samþykkt.

**2. Bréf:***a) EBÍ v/ágóðahlutagreiðslu, dags. 19. ágúst 2003.*

Í bréfinu er tilkynnt um að hlutur Höfðahrepps í ágóðahlut EBÍ vegna ársins 2003 sé reiknaður kr. 1.095.000,- Bréfið var til kynningar.

*b) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. júlí 2003.*

Í bréfinu er fjallaðu um fyrirkomulag og kosntaðarskiptingu tónlistarkennslu og farið yfir feril viðræðna við ríkisvaldið eftir að Reykjavíkurborg tilkynnti um ákvörðun sína um að hvert sveitarfélag yrði að greiða kostnað vegna sinna nemenda sem stunda tónlistarnám í Reykjavík.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

*c) Fornleifaverndar ríkisins, dags. 14. júlí 2003.*

Með bréfinu vekur Fornleifavernd ríkisins athygli á tilvist sinni og hlutverki. Í bréfinu kemur einnig fram að óskað er eftir samvinnu við sveitarfélögin vegna skráningar upplýsinga um fornleifar og minnt á skyldur til að skila slíkum gögnum til Fornleifaverndar.

Bréfið var til kynningar.

*d) Fjölbautarskóla Norðurlands vestra, dags. 6. júní 2003.*

Með bréfinu er þess óskað að tilnefndir séu fulltrúar allra sveitarfélaga á Norðurlandi vestra til að vinna að tillögugerð um framtíðarskipan fræðslumála á svæðinu.

Afgreiðslu málsins frestað og óskað eftir nánari skilgreiningu á fulltrúavalinu í heild.

*e) Hestamannafélagsins Snarfara, dags. 27. júní 2003.*

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi til að halda úti félags- og íþróttastarfi og farið fram á 200 þús. kr. styrk til endurbóta á aðstöðu fyrir hestaíþróttina. Samþykkt með vísan til fjárhagsáætlunar að styrkja félagið um 100 þús. kr.

### **3. Fundargerðir:**

a) Leikskólanefndar, 18. júní 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Leikskólanefndar, 28. júlí 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Húsnæðisnefndar, 22. júlí 2003.

Fundargerðin var samþykkt.

d) Húsnæðisnefndar, 12. ágúst 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Héraðsráðs, 18. júní 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Héraðsnefndar 2. júlí 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Stjórnar INVEST, 19. maí 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

h) Stjórnar INVEST, 27. júní 2003.

Fundargerðin var til kynningar.

**Hreppsnefnd Höfðahrepps**  
**Fundargerðir**

i) Stjórnar Sambands ísl. sv.félaga, 20. júní 2003.  
Fundargerðin var til kynningar.

j) Aðalfundar Tækifæris hf. 26. mars 2003.  
Fundargerðin var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17<sup>45</sup>

Magnús B. Jónsson  
(sign)

Adolf H. Berndsen  
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson  
(sign)

Jensína Lýðsdóttir  
(sign)

Gígja H. Óskardóttir  
(sign)